

18

19. maí

Um mat á landi því, er selt kann að verða samkvæmt lögum þessum, og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50 frá 16. nóvember 1907, um sölu kirkjujarða.

2. gr.

Hreppnum er ekki heimilt að endurselja landið eða hluta þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

19

19. maí

L Ö G

um

sölu jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs úr jörðinni Nesi í Norðfirði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnu samþykki sóknarprests, að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar þær 840 álnir úr jörðinni Nesi, sem eru eign Nes-

kirkju, að undanskilinni hæfilegri lóð undir íbúðarhúsi til prestsseturs og 2^{1/2} hektara túnstæði, er fylgja skal prestssetrinu. 19
19. maí

2. gr.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar 340 álnir úr Nesi, sem eru eign ríkissjóðs.

3. gr.

Jarðarhluta þá, sem seldir verða samkvæmt lögum þessum, má aldrei selja úr eigu bæjarins, nema ríkið sé kaupandi.

4. gr.

Um mat á jarðarhlutum þessum og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, og laga nr. 31, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, þó þannig, að söluverð þeirra 340 álna, er ríkissjóður á, verði eigi lægra en 9500 krónur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.